

Skýrsla

34. aðalráðstefna UNESCO 16. október - 2. nóvember 2007 París

34. aðalráðstefna UNESCO var haldin í París dagana 16. október til 2. nóvember 2007. Megin efni ráðstefnunnar var að fjalla um og samþykkja nýja 6 ára áætlun fyrir stofnunina svo og verkefna- og fjárhagsáætlun fyrir tvíærið 2008-2009. Regluleg fjárlög stofnunarinnar fyrir þetta tvíæri verða 631 milljón dollara. Framlag Íslands nemur 0.037%.

Menntamálaráðherra ávarpaði ráðstefnufulltrúa þann 20. október. Í ræðu sinni lagði ráðherra áherslu á mikilvægi UNESCO til að leysa hin mörgu verkefni sem aukin hnattvæðing og tæknibreytingar hafa í för með sér. Greindi ráðherra frá því hvernig almenn lestrarkunnátta og góð grunnmenntun hafi fleygt íslensku þjóðinni úr fábreyttu samfélagi í fremstu röð velferðarþjóðfélaga á minna en einni öld. Lagði ráðherra áherslu á mikilvægi þess að stjórnvöld fjárfestu í menntun og rannsóknum til að styrkja undirstöðu og innviði samfélagsins. Lýsti ráðherra áhyggjum sínum hversu hægt gengi að ná Dakar-markmiðunum um menntun fyrir alla fyrir árið 2015. „Menntun er mannréttindi og engan má svipta þessum grundvallarrétti“ sagði ráðherra og undirstrikaði að alþjóðasamfélagið hafi falið UNESCO forystu á sviði menntamála. Ráðherrann vék einnig að mikilvægi vatnsins fyrir lífið á jörðinni og hvatti til þess að UNESCO efldi enn frekar starf sitt á þessum vettvangi ásamt því að huga enn frekar að endurnýjanlegum orkugjöfum. Ekki síst lagði ráðherrann áherslu á mikilvægi tungumála í menningarlegri fjölbreytni og fagnaði því að UNESCO ynni að sérstöku þverfaglegu verkefni um tungumál. Föstudaginn 19. október tók menntamálaráðherra þátt í hringborðsumræðum á fundi menntamálaráðherra þar sem tengsl menntunar og efnahagslegra framfara voru til umræðu. Þá átti hún fund með Koïchiro Matsuura aðalframkvæmdastjóra UNESCO þar sem meðal annars voru ræddar tilnefningar Íslands á heimsminjaskrá UNESCO.

Nefndarmenn í íslensku UNESCO-nefndinni sóttu fundi á sínu fræðasviði: fjölmiðla-, menningar-, mennta- og vísindamálum og fulltrúinn í nefndinni um málefni ungs fólks sótti ungmennahæping sem haldið var dagana á undan aðalráðstefnunni. Auk þess voru ýmsir aðrir fundir sóttir af formanni og ritara nefndarinnar. Á næstunni mun íslenska UNESCO-nefndin bjóða til upplýsingarfundar til að greina frá aðalráðstefnunni og verkefnum UNESCO næstu árin.

Af hálfu Íslands sóttu eftirfarandi ráðstefnuna:

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra

Tómas Ingi Olrich, sendiherra og fastafulltrúi Íslands hjá UNESCO

Guðný Helgadóttir, formaður íslensku UNESCO-nefndarinnar

Finnbogi Rútur Arnarson, sendifulltrúi og varafastafulltrúi Íslands hjá UNESCO

Steingrímur Sigurgeirsson, aðstoðarmaður menntamálaráðherra

Elín Flygenring, fulltrúi utanríkisráðuneytisins í íslensku UNESCO-nefndinni

Einar Hreinsson, ritari íslensku UNESCO- nefndarinnar

Einar Þór Hafberg, fulltrúi fyrir ungt fólk í íslensku UNESCO-nefndinni

Þórir Ólafsson, fulltrúi fyrir menntamál í íslensku UNESCO-nefndinni

Hafliði Pétur Gíslason, fulltrúi fyrir vísindamál í íslensku UNESCO-nefndinni

Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir, fulltrúi fyrir fjölmiðlamál í íslensku UNESCO-nefndinni

Eftirfarandi er ræða menntamálaráðherra á allsherjarþingi aðalráðstefnunnar þann 20. október sl.

34th General Conference of UNESCO
Plenary – Intervention by Ms Thorgerdur Katrín Gunnarsdóttir
Minister of Education, Science and Culture, Iceland
on 20 October 2007

President of the General Conference
Chair of the Executive Board
Director-General
Your Excellencies. Ladies and Gentlemen

It is a great pleasure for me to attend for the first time the General Conference of UNESCO and to address the prominent representatives from the member states of this organization. On behalf of my Icelandic delegation I would like to express our congratulation to you, Mr. President, with your election. We as well welcome Montenegro and Singapore to UNESCO.

In our times of globalization the societies are undergoing deep changes in most fields. Interactions between nations increase and different cultures meet. Interest conflicts might arise and cause tension between groups or nations and we face global problems which can only be solved through broad cooperation. We therefore urgently need an international body as UNESCO which has the professional authority and the moral engagement to tackle the issues at stake within the UN family. Therefore it is crucial for UNESCO to avoid stagnation and stay vibrant and relevant. The United Nations reform process – One United Nations approach – will hopefully diminish overlap and avoid duplication in the work of the

different agencies and ensure effectiveness and system-wide coherence. The draft medium term strategy for UNESCO and the draft two years programme, which are the main documents for discussion here at this general conference, are promising as a sound basis for the work of the Organization in the years to come.

Globalization and technological innovation deeply influence education and science, which are penetrating all sectors of our social life and constitute the driving force of economic growth. While the pace of innovation is surprising, the impact of education on economic growth is no news to Icelanders. Only a century ago, infrastructure in Iceland was conspicuous by its almost total absence: there were no roads, no ports, no bridges. There was however one important exception to this widespread absence of infrastructure: basic education was strong, and had been so for centuries. This was the basis that has made it possible for Iceland to range among the wealthiest of modern nations in less than a century. Investment in education, research and innovation has gradually increased and is today considered to be the very basis of Iceland's future prosperity.

Education is the priority of priorities, at local as well as global level. It is therefore of great concern to me as a Minister of Education how far we still are from reaching the Dakar Goals and the Millennium Developments Goals in education. Too many girls are still without access to education and the extinction of illiteracy is still a remote goal. Education is a human right and nobody should be deprived this fundamental right. The international community has entrusted UNESCO the global coordinating leadership role in Education for All. Might the Global Action Plan be the forceful instrument we need to reach the goals before 2015 as agreed in Dakar in 2000 by the international community.

As globalization and technological innovation influence education and science they no less have an impact on cultural diversity. In our globalized world cultural diversity is one of our most precious riches and we must always be alert to the freedom of expression which is the cornerstone of our democratic societies.

Language is at the heart of cultural diversity, being one of the strongest component of cultural identity, and the most forceful vehicle of the world's intangible heritage. UNESCO has a manifold role to play in this field. One is the safeguarding of linguistic heritage. An other pivotal role of UNESCO is the promotion of linguistic diversity and multilingualism in education. The strengthening of the children's mother tongue at school as well as fostering of learning of several languages from the earliest age, should be the leading thread in education. By all means we must struggle for promoting linguistic diversity in the Internet. Iceland welcomes the efforts UNESCO will make under the intersectoral programme for languages and urges the organization to take a leading role in this field in the years to come.

Water scarcity, floods and water related hazards and the sensitivity of the water cycle to global and regional climate change are issues of high priority for many of the organizations in the UN family. Water is essential for live, the environment and the economic well being of Nations and water serves a fundamental role in any policy on sustainable development.

The UNESCO International Hydrological Programme is the only intergovernmental scientific and educational programme dedicated to freshwater in the UN system. IHP's strategic plans for each 6-year phase are developed through a comprehensive consultative process with IHP's 163 National Committees, other UN bodies, and leading professional and scientific associations, ensuring that the programme is at the forefront of international freshwater initiatives and of high relevance for policy. Therefore, it should remain a top priority of UNESCO

Iceland has considerable renewable energy sources, including hydropower and geothermal energy. We strongly believe that research and capacity building in science and technology for sustainable development

and research of future energy sources contributes to sound management of natural resources. Here UNESCO has an important role to play.

We would like to emphasize that ethical norms must be a common denominator for all scientific and technological disciplines. The activity of COMEST should therefore be enhanced.

Ladies and gentlemen,

To conclude. Iceland is firmly committed to play an active role in all major UN bodies and has therefore decided to be, for the first time a candidate for a seat on the Security Council for the period 2009-2010. We are supported actively in this matters by the other Nordic States. As a Nordic Country we will stay true to our long tradition of active commitment to the UN, to the Nordic reputation of being bridge builders and trusted mediators in complex situations, and if elected, serve the best interests of the whole.

Thank you for your attention.

Ungmennafing

Einar Þór Hafberg sat ungmennafing UNESCO sem haldið var 12. og 13. október 2007. Eftirfarandi er frásögn hans.

Boðið var til ungmennafings, Youth Forum, í höfuðstöðvum UNESCO 12. og 13. október. Skipulagning hafði verið í höndum skrifstofu um málefni ungmenna, íþróttar og líkamlegrar menntunar (e.office of youth, sports and physical education). Til þingsins var boðið fulltrúum þeirra landa sem aðild eiga að UNESCO og fulltrúum ýmissa hagsmunahópa sem láta sig málefni ungs fólks varða (e. Non-governmental organizations)

Meðfylgjandi er dagskrá fundarins.

Fimmtudagurinn fór í hópefli þar sem m.a. var farið í siglingu á Signu. Á föstudeginum byrjaði hið eiginlega þing og hófst það á að kjósa forseta (e.president) og fundarritara (e.Rapporteur). Kosin var stúlka frá Eguðaor sem fundarstjóri og drengur frá Svíþjóð sem fundarritari, höfðu norrænu- og baltnesku löndin sameinast um einn frambjóðenda í stöðu ritara og gekk það eftir.

Þar á eftir komu 40 mín. ræðuhöld frá þremur UNESCO stjórnendum. Eftir hádegishlé, þar sem norðurlönd og Eystrasaltlöndin héldu fund, var ræða frá framkvæmdarstjóra UNESCO. Fór því megin hluti föstudagsins í ræðuhöld, í raun sagði hver ræðumaður það sama og sá sem á undan honum kom. Á dagskránni var einnig kynning á svæðisbundnum ungmennafingum (e. Regional Youth Forums) þ.s. kynnt var skipulag þeirra og niðurstöður.

Á föstudeginum átti einnig að ræða eitt af þeim tveimur málefnum sem voru fyrirfram ákveðin en þau voru menntun og efnahagsleg þróun (e. Education and Economic Development) annars vegar og hins vegar vísindi og sjálfbær þróun (e. Science and Technology for Sustainable Development). Byrjað var á áhugaverðum fyrirlestri frá bandarískum menntunarhagfræðing frá Harvard. Var sú kynning ágætis útgangspunktur fyrir frekari umræður. Einnig voru tveir aðrir sem töluðu undir þessum lið en það bæti engu við, að mínu mati.

Þinginu var skipt upp í hópa samkvæmt tungumáli, þ.e. enska, spænska og franska. Mikið skipulagsleysi var á staðsetningu hópanna og má segja að það hafi verið einkenni þessa þings hversu illa hlutirnir voru skipulagðir. Hver hópur þurfti svo að kjósa fundarstjóra (hópstjóra) og ritara. Nokkur tími fór í það. Nokkurn tíma tók fólk að fara að tjá sig og kom í ljós mikill munur á áherslum milli vestur- austur/ þróaðra- vanþróaðra ríkja. Sama fyrirkomulag var á laugardeginum er menn ræddu vísindi og sjálfbæra þróun og sami landfræðilegi munur var á áhyggjum og úrlausnum. Ritarar hópanna ásamt ritara þingsins og forseta þess skipuðu ritnefnd (e. Drafting committee) sem átti að vinna úr tillögunum frá hópunum og koma saman í 8 bls. skýrslu sem átti svo að leggja fyrir þingið og yrði framlag þess til hringborðsumræðna (e. Round table) ráðherra aðildarríkjanna á aðalráðstefnunni.

Þessari umræðu var áætlaður alltof skammur tími og fór algjörlega út um þúfur svo að engin niðurstaða fékkst. Þegar túlkar fóru heim var ekki lengur hægt að halda almennilega áfram þar sem forseti þingsins neitaði að tala annað en spænsku og þeir er ekki höfðu vald á ensku gátu ekki lengur tekið þátt í umræðunum sem og við sem ekki höfum vald á öðrum tungumálanna. Úr varð að ritnefndin fékk það verkefni að taka til skoðunar allar breytingartillögur sem borist höfðu og búa til skjal til kynningar í hringborðsumræðunum.

Niðurstaða:

Það má segja að upphaf fundarins hafi verið lýsandi fyrir það sem koma skyldi. Ísland hafði gleymst og ekki verið gert ráð fyrir fulltrúa þaðan er raðað var til sætis. Þegar það uppgvötaðist var því troðið á milli einhversstaðar.

Ekki var staðið almennilega að undirbúningi ráðstefnunnar af hálfu UNESCO og tíminn var allt of knappur. Aldursbil þátttakenda var allmikið og var fólk þarna allt frá unglingsárum til fólks á fimmtugsaldri, en þeir sem voru yfir 25 ára voru í miklum minnihluta að mér sýndist. Of mikill tími fór í tilgangslaugar ræður frá hinum og þessum fyrirmennum UNESCO. Virtust bæði sú er kosin var til þingforseta sem og yfirmaður skrifstofu ungmennamála hjá UNESCO allgjörlega úti á þekju hvað varðar fundarsköp og annað er þarf að vera í lagi til að láta svona samkundu ganga almennilega fyrir sig. Það verður einnig að setja einhvers konar kröfur á þá sem taka að sér fundarstjórn um reynslu sem og að fundarsköp þurfa að vera á hreinu, sem ekki var þarna. Norðurlöndin og Eystrasaltlöndin hafa með sér samvinnu sem vert er að taka þátt í.

Reykjavík, 18. nóvember
Einar Hafberg

Dagskrá V. Youth Forum UNESCO

	Thursday 11 October	Friday 12 October	Saturday 13 October
8h-9h		8h-8h45 Registration of participants (delegates and observers)	
9h-10h		9h-9h30 Elections	9h-10h Presentation of the second theme: "Science and Technology for Sustainable Development"
10h-11h		9h30-11h30 Discussion on UNESCO Regional Youth Forums	10h-13h Working session 2 Science and Technology for Sustainable Development
11h-12h			
12h-13h		11h30-11h45 Coffee break	
		11h45-12h45 Presentation of the first theme: "Education and Economic Development"	
13h-14h			13h-15h Meeting of the draft committee
14h-15h		14h-15h Official opening and speeches	
15h-16h	14h-18h Registration of participants (delegates and observers)	15h-18h Working session 1 Education and Economic Development	15h-19h Closing plenary session
16h-17h			
17h-18h			
18h-19h	18h-20h "Bateaux-mouches" evening	18h-19h Meeting of the draft committee	
19h-20h		19h-21h Cultural evening at UNESCO: "Young People and Dialogue among Civilizations, Cultures and Peoples" Concert and exhibition	19h-22h Evening at the Rugbycolor village - St-Denis Retransmission of the Rugby World Cup semi-final and concert
20h-21h			
21h-22h		21h-22h "Chocolate" Cocktails	
22h-23h		22h-23h Meeting of the draft committee	

	Plenary sessions : room II
	groups) : rooms VI, VII
	Registration
	Cultural events
	Draft committee meetings

1. nefnd – ýmis mál (PRX)

Einar Hreinsson sat fundi í þessari nefnd.

Meginverksvið þessarar nefndar er gerð 2ja og 6 ára verkefnaáætlunar UNESCO. Formaður nefndarinnar var Salwa Saniora Baasiri frá Líbanon. Nefndin fundaði dagana 17.-20. október og hélt aukafund 23. október.

Meginverk nefndarinnar var ætlað að fjalla um tveggja og sex ára áætlanir UNESCO fyrir annars vegar árin 2008-2009 og hins vegar 2008-2013, bæði er varðar fjárhagsáætlanir og framkvæmdaáætlun. Gert var ráð fyrir að megingími nefndarinnar skyldi fara í umfjöllun um verkefnaáætlanirnar en vegna neðangreindra mála fékk sú umræða ef til vill ekki þann tíma er hefði verið nauðsynlegur. Þá var nefndinni einnig ætlað að fjalla um notkun á merki UNESCO, afmæli og viðburði sem UNESCO vill minnst á næstunni og svo hvernig UNESCO beri að koma að minningu Helfararinnar (Holocaust) gegn gyðingum og minningu Holodomor, hungursneyðarinnar í Úkraínu.

Á öðrum fundi var borin upp tillaga að fjárhagsáætlun fyrir Tölfræðistofnun UNESCO. Borin var fram breytingartillaga Finna auka fjármagn til tölfræðistofnunarinnar en hún mætti harðri andstöðu. Vegna mistaka var tillagan reyndar borin upp í nafni Svía en það var leiðrétt. Skv. tillögu Finna skyldi fjármagn tekið af ferðakostnaði fastafulltrúa UNESCO í París og það nýtt til að auka fjárhag tölfræðistofnunarinnar, ekki síst til að koma á fót endurskoðun á ISCED- kerfinu sem samnýtt er með OECD til skilgreiningar á menntakerfi og námi aðildarlanda. Var tillögunni hafnað. Þá kom fram ítrekuð gagnrýni aðildarlanda á hvernig fjármunum UNESCO er varið. Þessi umræða tengist einnig umfjöllun um verkefnaáætlun UNESCO og viðleitni samtakanna til að auka ábyrgð Afríkúríkja á þeirri aðstoð sem samtökin veita þeim, ekki síst í auknu samstarfi við aðrar stofnanir innan Sameinuðu þjóðanna.

Á þriðja fundi var tekið fyrir hvernig UNESCO skyldi koma að því að halda minningu Helfararinnar gegn gyðingum á lofti. Flutt var tillaga þess efnis af Bandaríkjamönnum og 68 öðrum aðildarþjóðum. Fulltrúi Pakistan lagði fram breytingartillögu þess efnis að UNESCO mundi beita sér fyrir að halda á lofti minningunni um Helförina og aðra svipaða atburði. Þetta varð tilefni til heiftarlegra deilna og virtist engin leið til að ná samkomulagi. Má segja að umræður og fundarstjórn hafi farið úr böndunum og var fundi að endingu frestað til morguns að því tilskildu að þetta skyldi verða fyrsta mál á dagskrá að morgni. Þessi umræða tók yfir bróðurpartinn af störfum nefndarinnar þessa viku og fór umræðan oft úr böndunum og átti fundarstjóri bágð með að hemja umræðuna, þrátt fyrir hótanir um að ganga til atkvæða til að fá niðurstöðu í málið. Þar sem enn hafði ekki tekist að ljúka umræðu um Helförina eður hefja umræðu um minningu hungursneyðarinnar í Ungverjalandi í lok vikunnar var skotið á aukafundi á þriðjudeginum 23. október.

Rætt var um tillögur að viðburðum- og afmælum sem UNESCO ætti að samþykkja á komandi árum. Nokkrar deilur spruttu um það en samkomulag náðist.

Þá var tekin fyrir umræða um notkun á merki UNESCO en nokkuð hefur borið á því í nokkrum aðildarlanda að merki UNESCO sé misnotað en einnig að landsnefndir UNESCO og undirnefndir þeirra noti merkið á rangan máta. Nokkrar umræður sköpuðust um málið enda virðast reglur

UNESCO um notkun á merki samtakanna höfðu verið á reiki. Ákveðið var að leggja til við stjórn að komið verði á fót nefnd til að endurskoða reglur um notkun á merkinu.

Reykjavík, 2. desember 2007

Einar Hreinsson

2. nefnd – Menntamál

Þórir Ólafsson sat fundi í þessari nefnd.

Nefndin fundaði dagana 22. til 24. október. Formaður hennar var að þessu sinni Ricardo Henriques frá Brasilíu. Menntamálin hafa verið af fá aukinn forgang í starfi UNESCO. Þörfin er mikil sem sjá má af því að yfir 70 milljónir barna njóta ekki skólagöngu og nærri 800 milljónir fullorðinna eru talin vera ólæs. Þetta er staðreynd þrátt fyrir að 7 ár séu liðin frá því að aðildarþjóðirnar settu sér Dakar-markmiðin um að vera búnar að koma á grunnmenntun fyrir alla fyrir 2015. Menn eru sammála um að menntun sé lykill að efnahagslegum framförum og betri lífsskilyrðum almennt.

Í upphafi fundar voru skýrslur stofnana (Institutes) UNESCO á sviði menntunar kynntar. Alls starfa 6 stofnanir á vegum samtakanna að framgangi sérstakra verkefna í menntamálum t.d. varðandi uppþingatekni, símenntun og málefni Afríku og Mið- og Suður Ameríku. Fyrir fundinum lágu 6 ára áætlun (Medium Term Strategy) og tveggja ára verkefna- og fjárhagsáætlun (Programme and Budget for 2008-2009). Verkefnaáætlun fyrir 2010 og 2011 var kynnt og rædd í lok fundar. Til menntamálanna renna liðlega 108,5 milljónir Bandaríkjadala, um 6,6 milljarðar króna.

Helstu aðgerðir í menntamálum (Main Line of Action) á vegum UNESCO eru:

- Að leiða þróun í verkefninu „Menntun fyrir alla” (EFA) og samhæfa aðgerðir í menntamálum sem ákveðnar hafa verið af Sameinuðu þjóðunum.
- Koma á alþjóðlegum vettvangi og farvegi fyrir samstarf þjóða við skipulagningu og rekstur menntakerfa.
- Styðja umræður um stefnumörkun, rannsóknir, gerð viðmiðana og staðla fyrir menntun.
- Þjóða uppá færniþróun og tæknilegan stuðning við þjóðir til að ná markmiðum Dakar-yfirlýsingarinnar.

Talsverðar umræður urðu um áætlanirnar og tók Ísland þátt í þeim, sbr. innlegg hér á eftir.

Almennt töldu fulltrúar að áætlanir væru betur unnar en fyrr og markmið skýrari. Þó var oft nefnt að straumlínulaga þyrfti viðfangsefni til að forðast margverknað. Einnig töluðu margir um að koma þyrfti árangursmælum á í tengslum við væntingar um árangur (expected results).

Talsverðar umræður urðu um ályktanir (Draft Resolutions) þ.á.m. ályktun frá Svíþjóð sem Ísland var meðflytjandi að. Hún fól í sér að auka framlög til stofnana sem einkum stuðla að markmiðum menntunar fyrir alla (Education for all – EFA). Misjöfn viðbrögð urðu við ályktuninni. Sumir töldu hana ekki vera á verksviði nefndarinnar en aðrir töldu að hún opinberaði vanmátt UNESCO við að færa fjármagn milli verkefna í samræmi við forgang á hverjum tíma. Henni var vísað til framkvæmdastjórnar.

Ákveðinn samhljómur var fyrir því að berjast gegn kynbundnum mismun á möguleikum til menntunar sem víða bitnar á stúlkum og konum. Þá bar oft á góma mikilvægi þessa að tryggja gæði menntunar og þátt menntunar í að styrkja sjálfbæra þróun (Sustainable Development). Skýrsla framkvæmdastjórnar um verkefni sem unnið er vegna menntunar fyrir alla (EFA) lá fyrir fundinum. Þar kemur fram að víða er unnið að stórum verkefnum á þessu sviði en menn sakna markvissari úttektar á árangri.

Nokkrar umræður urðu um Associated Schools (ASPnet) sem margir telja vel heppnað til að miðla reynslu milli landa og styrkja þá sem þurfa stuðning við uppbyggingu menntunar. Umhugsunarefni er fyrir Íslendinga hvort virkja megi íslenska skóla til þátttöku í ASPnet með áherslu á nota upplýsingatækni til samskipta.

Það er ljóst að aðstæður manna til að afla sér menntunar eru mjög mismunandi í heiminum. Allt frá því að vera sjálfsagður réttur til þess að fátækt eða stríðsástand meinar mönnum aðgang að menntun. UNESCO vinnur mikilvægt starfi í að aðstoða þjóðir sem búa við menntunarskort við að byggja upp menntakerfi sín.

Hringborðsumræður menntamálaráðherra

Hringborðsumræður hófust föstudaginn 19. október og lauk daginn eftir. Yfirskriftin var *menntun og efnahagsþróun*. Framkvæmdastjóri UNESCO setti fundinn með yfirlitsræðu um þátt samtakanna í þróun menntamála í heiminum. Framkvæmdastjóri OECD ræddi m.a. um aukið samstarf á sviði menntamála m.a. að ýmsar þjóðir utan OECD myndu taka þátt í Písa rannsóknum í framtíðinni.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, tók til máls í hringborðinu. Hún gat þess að á þessu ári væri ein öld liðin frá því að fyrstu lög um skólaskyldu voru sett á Íslandi. Hún rakti miklar breytingar sem orðið hefðu á íslensku samfélagi frá þeim tíma á atvinnulífi og líf skjörum Íslendinga. Aukin menntun væri án efa mesti áhrifavaldurinn í þeirri þróun. Góð grunnmenntun væri undirstaðan sem allt byggði á og tryggja yrði gæði í menntun sem væri annað en magn, t.d. fjöldi ára í skóla. Ráðherra sagði frá því að Ísland væri nú það land sem legði hlutfallslega mest fjármagn í menntun af ríkjum OECD. Hún hvatti til virkara sambands milli aðila atvinnulífsins og menntakerfa einstakra landa, það væri vís leið til að styrkja efnahaginn. Í lok hringborðsins var samþykkt yfirlýsing (Communiqué) sem var kynnt á fundi menntanefndar sem fylgir í viðauka.

Reykjavík, 22. nóvember 2007

Þórir Ólafsson

Innlegg Íslands um 6 ára áætlun

Mr. Chairman

At the outset Iceland would like to give the Secretariat credits for a concise and well structured medium term strategy for the next 6 years. We are in favour of a more programme oriented approach as introduced in the main programmatic features in BI. This is likely to facilitate necessary interconnections between

sectors in solving the complex issues at stake. The work should onwards be carried on in this manner to maximise the coherence between different sectors involved.

Iceland can give its support to the overarching objectives on education to be found in draft document 34 C/4. Attaining education for all is the first and foremost objective. As stated in the communiqué from the round table of ministers of education, more than 72 million children are not in school more than and 700 million adults are without literary skills. The foundation is the most important part of every construction. In the term of education this means that primary education is the basis for all other kinds of education. Special attention should be given to measures that are likely to improve the status of girls in cases where they are in worse situation than boys just because of their sex. The access to education has to be irrespective of gender.

The objective of fostering quality education for all from access to success in pursuit of sustainable development is also of great importance and relevance with the uncertain future we could be facing for the environment of our planet. It is often stated by research in education that the quality of schooling is more important than the quantity measured, for example by years of attainment. So outcome of learning should be set in focus, not only in an economic sense but also as the indirect benefits for the individual learner are concerned such as self-confidence, creativity, cultural identity, analytical skills and communication.

To conclude. Iceland supports the amendments made by the Executive Board as stated in 34 C/11.

Thank you for your attention

Innlegg Íslands um næstu 2 ára áætlun

Mr. Chairman

Iceland would like as done under the discussion of the medium term strategy to give the Secretariat credits for a better focused and well structured biennial sectorial priorities in document 34 C/5. It is important to maximize the coherence between different sectors involved.

The outcomes described in the document underline what is expected to be the result of different actions and should serve as indicators for future work. Maybe the expected outcomes are to diffused and interrelated to serve this goal effectively. In future it should be examined especially if possible to set performance indicators connected to the expected outcomes. By that the results of individual actions could be better counted for and the work thereby more transparent.

The part of UNESCO in leading EFA, ensuring global coordination and providing assistance to Member states in achieving the EFA goals is in our opinion the most important priority. Basic education is the key to everything.

Iceland and the other Nordic countries seek in draft resolution 18 to reinforce the budget of the UNESCO Institute for Capacity building in Africa, the International Institute for educational Planning and the budget of the UNESCO Institute for Lifelong Learning, as they all play a key role in strengthening EFA.

The most pivotal task of UNESCO in the years to come is to reach the Dakar goals before 2015 as well as Millennium Development Goals. Therefore quality education for all is the priority of priorities in 34 C/5 with emphasis on building national capacity to implement EFA and in that work UNESCO has not the least to count on the competences of its educational institutes. This goes for all aspects of education from basic education to tertiary education as well as adult literacy.

Global coordination and assistance to member States to achieve the EFA goals is the headline for sectorial priority one. Partnership for education and economic development was under discussion at the round table of ministers and is among the main lines of actions described under the biennial sectorial priorities. This coincides quite well with the expected outcome for UNESCO's overarching objectives in education. The work of the Organization on education is an important mediator for that kind of cooperation which can be seen realized in many different ways. In this context it is worth mentioning the possibilities found in ICT in teaching and learning processes at all levels. This technology is still becoming more inexpensive and attainable and that opens endless opportunities for cooperation and networking between countries, almost irrespective of geographical location. Iceland would like to see this duly reflected in the years to come

Thank you for your attention

3. nefnd – vísindamál

Hafliði P. Gíslason sat fundi 3. nefndar þingsins, nefndar um vísindamál, Commission III, dagana 23. - 25. október 2007. Var þar fjallað um Megináætlun II (Major Programme II) um raunvísindi.

Rætt var um tillögu að stefnumörkun fyrir árin 2008-2013 (34 C/4) undir lið 3.1. Það hafði gerst að í samræmi við tillögu Norðurlandanna á 33. aðalráðstefnunni 2005 hafði farið fram heildarendurskoðun á báðum megináætlunum UNESCO í vísindamálum, Megináætlun II um raunvísindi, og Megináætlun III um hug- og félagsvísindi. Því miður var skýrsla úttektarnefndarinnar ekki tekin fyrir á fundum nefndarinnar sem ræðir MPII og MPIII hvora í sínu lagi. Hins vegar stóð til að ræða skýrsluna mánudag 29. október eftir brottför undirritaðs. Norðurlöndin höfðu þó lagt fram tillögu 34 C/DR.19 undir lið 4.2 (34 C/5 áætlun og fjárlög fyrir 2008-2009) sem laut að því að taka ætti þegar til greina sumar ráðleggingar úttektarnefndarinnar, sjá síðar. Þessi tillaga var fulltrúum Norðurlandanna ofarlega í huga og var nokkrum sinnum fundað í vísindahópnum til að undirbúa framsögu um hana.

Tillagan fyrir árin 2008-2013 (34 C/4) var í fimm meginliðum (e. Overarching objectives) og átta framkvæmdaliðum (e. Strategic programme objectives) sem mæltust vel fyrir hjá flestum sem tjáðu sig í umræðunum. Bandaríkjamenn og Bretar hrósuðu skrifstofu raunvísinda sérstaklega fyrir skýra framsetningu og einnig margir fleiri, aðrir gagnrýndu einstök atriði svo sem Norðmenn. Voru þær raddir mun færri. Undirritaður lagði áherslu á rannsóknir á sviði orkumála, samanber innlegg sem fylgir. Eftir umræður var tillaga 34 C/4 svo samþykkt samhljóða.

Því næst var tekin fyrir tillaga að áætlun og fjárlög fyrir 2008-2009 34 C/5 undir lið 4.2. Framkvæmdastjórnin hafði einfaldað tillöguna og fækkað forgangsmálum raunvísindageirans næstu tvö ár (e. Biennial sectoral priorities) úr þremur í tvö og sett fram framkvæmdáætlun í fjórum liðum. Í innleggi sem fylgir tók undirritaður fram að breytingin væri til mikilla bóta. Nokkur óvissa ríkti á fundinum hvort koma mætti með munnlegar breytingatillögur við tillögu framkvæmdastjórnar, sem var mjög breytt frá fyrri útgáfu sem skriflegar tillögur (e. Draft resolutions) með löngu liðnum skilafresti fjölluðu um. Eftir miklar umræður kom dagskrártillaga frá Danmörku og var tillaga framkvæmdastjórnar samþykkt sem frumtexti í heild sinni, og tekið til við skriflegar breytingatillögur. Margir sem tóku til máls gagnrýndu 4.1% niðurskurð til raunvísinda næstu tvö ár. Bent var á að þetta þýddi 10-12% niðurskurð verkefna þar sem launaliður minnkar ekki.

Norðurlandabúar voru hins vegar enn mjög uppteknir af tillögu sinni DR.19 sem lagði annars vegar til að röð forgangsmálanna tveggja yrði víxlað þannig að fyrsta forgangsmál yrði áhersla á að styrkja rannsókn- og þróunarkerfi svæða og ríkja og stuðla þannig að færniuppbyggingu. Annað áhersluatriði yrði svo að beita færniuppbyggingu í rannsóknum og tækni í þágu náttúruauðlinda og almannavarna. Sérstök áhersla er í þessum forgangsglið á vísindaáætlanir UNESCO, einkum vatnaáætlunina IHP og úthafaáætlunina IOC.

Hins vegar var lagt til í tillögu DR.19 að sett yrði á laggirnar ráðgjafanefnd um vísindamál (e. Science Advisory Committee) til að leggja vísindasviðum UNESCO lið við að forgangsraða í þágu færniuppbyggingar og vísindapólítískrar ráðgjafar í því skyni að styrkja rannsóknainnviði aðildarþjóða sem þess þurfa. Þetta lagði úttektarnefnd vísindaáætlananna tveggja til. Koichiro Matsuura aðalframkvæmdastjóri UNESCO hafði lagst gegn þessari tillögu á þeim forsendum að hún sneri að grundvallaruppbyggingu UNESCO og væri ekki í verkahring aðalráðstefnunnar að fjalla um þau mál. Þar sem þessi liður tillögunnar varðaði bæði MPII og MPIII var hann ekki ræddur á fundi nefndarinnar um raunvísindi, heldur stóð til að ræða hann á sameiginlegum fundi sem fyrr sagði.

Hvað varðar fyrri hluta tillögu DR.19 voru skoðanir mjög skiptar. Fylgismenn þess að lyfta fram færniuppbyggingu og ráðgjöf í stefnumörkun vísinda töldu sig vera að vinna í samræmi við ráðleggingar úttektarnefndarinnar, en aðrir bentu á að röð forgangsmálanna skipti ekki máli. Þá bentu enn aðrir á að eðlilegt væri að UNESCO nefndi fyrst eigin vísindaáætlanir eins og IHP og IOC, en síðan svæðisbundin mál og málefni einstakra þjóða. Norðurlöndin, einkum Norðmenn og Finnar, sýndu nokkra óbilgirnir þegar ljóst var að málið væri í hnút og neituðu að draga tillöguna til baka eins og fundarstjóri bað um. Í staðinn báðu þeir um atkvæðagreiðslu og Danir studdu það. Til þess kom þó ekki og var málinu frestað til sameiginlegs fundar mánudag 29. október. Þótti fundarstjóra miður að koma með óleyst raunvísindamál inn á þann fund. Veit undirritaður ekki niðurstöðu þeirrar umræðu.

Heldur var þessi hluti umræðunnar léttvægur. Lítilsháttar umritun hefði gert sama gagn. Þar að auki hafði undirritaður í samráði við Árna Snorrason, sem setið hafði í stjórn IHP, lagt mikla áherslu á vatnamálin og starf IHP í innleggi mínu sem fylgir. Reyndar þakkaði ritari IHP og varaframkvæmdastjóri raunvísinda Szöllösy-Nagy þetta innlegg sérstaklega daginn eftir og nefndi gott starf Árna í nefndinni.

Síðast í þessum nefndarstörfum voru vatnamál nokkuð til umræðu. Samþykkt var að endurnýja samning við ríkisstjórn Hollands um UNESCO stofnun vatnsfræða UNESCO-IHE. Einnig var fjallað um tillögu að einum níu miðstöðvum undir merkjum UNESCO (svonefnd category 2 centres) þar sem gestgjafalandið borgar allt en nýtur verndar UNESCO. Þrjú þeirra voru á sviði vatnsfræða og mælti IHP sérstaklega með samþykki nefndarinnar til að ríða þessar net þessara fræða. Voru öll samþykkt, en nokkrar þjóðir vöruðu við útpynningu áherslna UNESCO og bentu á að skrifstofan þyrfti einnig að verja starfskröftum til að sinna slíkum miðstöðvum.

Ekki var unnt að sækja fund nefndar um vísindamál um Megináætlun III, hug- og félagsvísindi dagana 26. og 27. október vegna þess að hringborðsumræður vísindaráðherra stóð yfir á sama tíma og undirritaður tók þátt í þeim. Í máli norrænna kollega kom fram nokkur óánægja með málþóf þessa fundar, þar sem lopinn var teygður með því að opna mælendaskrá og afgreiða

sérstaklega hvert forgangsmál hug- og félagsvísindageirans næstu tvö ár (e. Biennial sectoral priorities) í stað þess að afgreiða þau saman eins og gert var fyrir raunvísindin.

Hringborðsumræður ráðherra vísindamála

Undirritaður tók þátt í hringborðsumræðum ráðherra vísindamála fyrir Íslands hönd dagana 26. og 27. október. Umræðunum var skipt í fjóra hluta. Hófst þrír hinir fyrstu með fjórum inngangserindum og síðan var mælendaskrá opnuð. Koichiro Matsuura aðalframkvæmdastjóri UNESCO opnaði umræðurnar ásamt mennta- og vísindamálaráðherra Frakklands. Fyrsti hluti umræðnanna, sem Kabil Sibal, vísindaráðherra Indlands stýrði, hafði yfirskriftina *Science and Technology for development: emerging and inherited challenges*. Fjallaði hann einkum um sjálfbæra þróun og færniuppbyggingu. Meðal frummælenda var vísindaráðgjafi Bandaríkjaforseta Dr. John H. Marburger. Lagði hann margt gott til málanna og klykkti út með að leggja til að sett yrði á laggirnar ráðgjafanefnd um vísindamál. Miklar umræður urðu í þessum hluta um stefnu UNESCO og taldi undirritaður ástæðu til að fjalla um færniuppbyggingu og reynslu Íslendinga í stuttu innleggi. Tók hann undir tillögur um ráðgjafanefnd um vísindamál. Matsuura tók saman umræður og svaraði nokkrum atriðum. Hann ítrekaði andstöðu sína við ráðgjafanefnd sem margir höfðu óskað eftir.

Annar hluti umræðnanna *Harnessing international co-operation for innovative policies for science and technology management* fjallaði mest um þörf á að styrkja innviði rannsókna og stoðumhverfi í þróunarlöndum. Honum stýrði vísindaráðherra Dóminíska lýðveldisins en meðal frummælenda voru dr. Wan Gang vísindaráðherra Kína og dr. Berit Olsson frá SIDA, Svíþjóð. Fjallaði hún um aðferðir sænsku SIDA þróunarstofnunarinnar við uppbyggingu þekkingarkerfa.

Í þriðja hluta var fjallað um *Highlights and guidelines for UNESCO action in science and technology for 2008-2013*. Fundi stýrði prófessor Mahfouz Helal vísindráðherra Egyptalands. Hófst hann með yfirlitserindi formanns úttektarnefndar um heildarendurskoðun á megináætlunum UNESCO, prófessor Jean Audouse. Fór hann yfir tillögur nefndarinnar, en að auki voru fjögur framsöguerindi haldin. Umræður urðu liflegar og snerust sem fyrr um ráðgjafanefnd vísindamála og aukna áherslu á þekkingaruppbyggingu og vísindapólítíska ráðgjöf.

Í fjórða hluta sem Koichiro Matsuura stýrði sjálfur voru niðurstöður reifaðar og yfirlýsing hringborðsumræðnanna rædd. Fyrir fundinum lá uppkast að ályktun sem nefnd undir stjórn Walter Erdelen aðstoðarframkvæmdastjóra raunvísinda hafði samið. Tók hún mið af umræðum í fyrstu þremur hlutum umræðnanna. Var óskað eftir skriflegum tillögum fyrir hádegishlé. Undirritaður varpaði fram tillögu um að forgangsraða í átt til færniuppbyggingar og ráðgjafar um stefnumörkun í vísindum, annars vegar, og að sett yrði á laggirnar ráðgjafanefnd vísindamála, hins vegar. Svíar báðu um að vera meðflutningsmenn. Mjög sennilega komu samhljóða tillögur frá mun fleiri þjóðum.

Eftir langt hádegishlé kom önnur útgáfa frá ritnefnd og þá bar til tíðinda að komin var í drögin klausa um ráðgjafanefnd og forgangsröðun í samræmi við tillögur Íslands og Svíþjóðar. Margir tóku til máls um drögin, sem þóttu vera í of mörgum liðum. Sibal, vísindaráðherra Indlands, gerði að tillögu sinni að liðirnir yrðu 10, og sleppti forgangsröðun í átt til færniuppbyggingar og ráðgjafanefnd. Í sama streng tóku vísindaráðherrarnir Brasilíu og Egyptalands og nokkrir aðrir. Þetta gaf aðalframkvæmdastjóranum ástæðu til að úrskurða að ekki væri einhugur um

ráðgjafanefndina. Því yrði að fella hana út úr ályktuninni. Margir reyndu þó að mótmæla því, einkum Norðurlandabúar, Bretar og Kanadamenn. Bannaði Matsuura þá umræður um ráðgjafanefndina, en Norðmenn komu ákvæði um styrkari færniuppbyggingu aftur inn.

Eftir umræður til kl. 19 á laugardeginum 27. október var loks samþykkt að yfirlýsingin yrði fullunnin í samstarfi Matsuura og vísindaráðherra Indlands og Egyptalands, þannig að þau atriði sem samstaða væri um stæðu ein eftir. Í samtölum eftir fundinn var það mál þeirra sem mest reyndu að koma ákvæði um ráðgjafanefnd um vísindamál inn í ályktun hringborðsumræðnanna að aðalfrankvæmdastjórinn hefði ýtt því út af borðinu með hjálp félaga sinna frá Indlandi og Egyptalandi sem hann hefði sjálfur skipað sem fundarstjóra. Að öðru leyti var ánægja með hringborðsumræðurnar og lagt til að slíkar umræður yrðu fastur liður í starfi UNESCO.

Reykjavík 2. nóvember 2007

Hafliði Pétur Gíslason

Fylgiskrár:

34-GC-III-3.1-SC.doc

34-GC-III-4.2-SC.doc

34-Ministerial-Round-Table.doc

34th General Conference of UNESCO

Commission III-item 3.1 34 C/4

Mr. Chairman

On behalf of Iceland I would like to make a few comments on the Draft Medium-Term Strategy for 2008-2013 (34 C/4).

Iceland agrees with the overarching objective of mobilising scientific knowledge and science policy for sustainable development. In fact it is unthinkable not to apply scientific knowledge and scientific instruments when understanding complex dynamics in the nature, the environment and managing natural resources. With its considerable renewable energy sources, which include hydropower and geothermal energy, Iceland is fully aware of the need for basic research of future energy sources as well as sustainable use and sound management of the present ones. This cannot be carried out without solid knowledge and experience of the basic and engineering sciences.

Applications of fundamental scientific knowledge are the foundations of modern knowledge societies. Hence, capacity building in science, technology and innovation is necessary for the advancement of knowledge and technology transfer worldwide. It is a unique role of UNESCO to increase the access of less developed countries to the vital fields of education, science and technology. Fostering capacities, knowledge and public awareness for research, training and university education paves a significant road to peace, stability and prosperity for all.

Mr. Chairman.

As far as disaster preparedness is concerned, Iceland is both willing to and capable of contributing to the Natural Science program of UNESCO, including the International Hydrological Program. Based on our long tradition in capacity building in the area of geosciences and climate change research Iceland is

willing to extend its effort into the pressing issues of water scarcity, geo-hazard risk assessments and mitigation.

Thank you for your attention.

34th General Conference of UNESCO
Commission III-item 4.2 Major Programme II-Natural sciences (34 C/5)

Mr. Chairman,

On behalf of Iceland I would like to make a few comments on Major Programme II-Natural sciences.

Iceland supports the two biennial sectoral priorities and four main lines of action in the Draft resolution 34 C/6 as proposed by the Executive Board. This version represents a major improvement from earlier drafts.

Biennial sectoral priority one, basic research and technical capacity building, is of vital importance for all monitoring and management of natural resources and phenomena deriving from the forces of nature. This includes disaster preparedness which should be dealt with accordingly.

Iceland would like to emphasize the role of the UNESCO International Hydrological Program. IHP is the only intergovernmental scientific and educational programme dedicated to freshwater in the UN system. Its strategic plans for each phase of six years are developed through a comprehensive process of consultations with all National Committees of the IHP, other UN bodies and leading professional and scientific associations. The programme is at the forefront of international freshwater initiatives and highly relevant for policy making. A cross cutting theme is the impact of climate change on the water cycle. Iceland urges UNESCO to continue to support IHP as a top priority of its natural science programme and is pleased to see its seventh phase as one of the highlights of Biennial sectoral priority one.

Biennial sectoral priority two, focussing on national and regional research and innovation systems, underlines the role of basic science and its applications on a regional basis to problems related to sustainable development and poverty. There are no other means of addressing these important fields than capacity building in science and technical applications, such as engineering, in less developed countries. Iceland particularly emphasizes the importance of establishing research infrastructure and support mechanism, such as research councils and a functioning academic community, in these countries.

Iceland also welcomes the focus of addressing the needs of Africa in this respect.

Mr. Chairman,

Finally I would like to recommend Draft Resolution 19, proposed by Finland and supported by the Nordic countries. It motions to change the order of the two Biennial sectoral priorities in order to reflect the recommendations of the overall review committee to put capacity building in the forefront of UNESCO's priorities as well as the establishment of a Science advisory committee.

Thank you for your attention.

Mr Chairman, your Excellencies,

Capacity building and policy advice were highlighted in most interventions in the Natural science commission over the the last few days. Iceland recognises the unique role of UNESCO in these important fields and feels that they should be strengthened.

Iceland was one of Europe's poorest countries as late as in the early 20th century. The nation had gone through centuries of poverty for reasons of geography and climate. In the 18th century it was even proposed to move the entire population to its origin in Scandinavia after a severe volcanic eruption. Nevertheless the nation never lost faith in education and always retained general reading and writing skills.

Times have changed; the education system now produces increasing numbers of graduate students, not only from Iceland but also from many different countries. Export of knowledge based products increases rapidly. They include high-technology products and engineering solutions based on a long-term experience of heating houses with geothermal energy. In fact Iceland able to meet over 70% of its energy needs by clean, green energy. Today, hydropower and geothermal plants produce virtually all electricity. Those resources also cover about 98% of the heating requirements for houses. The oil consumption is mainly limited to fisheries and the transport sector. Iceland proudly hosts the Geothermal Programme of the UN University.

However, capacity building takes time. It takes some 15-20 years to turn a clever child into a PhD graduate and a few more years to train the candidate to become a scientist. And in science, international competitiveness is the only norm and there is no compromise. As an example, illustrating the time scale, in Iceland many fields of science have only been practised by two or at most three generations of scientists, quite a few only by one generation.

Mr Chairman,

Iceland urges UNESCO to strongly prioritise towards capacity building and science policy advice. In order to promote this an external science advisory council should be established as recommended by the overall review committee of the two major programmes.

Sameiginlegur fundur raunvísinda- og félagsvísindanefnda

Þann 29. október 2007 sat Guðný Helgadóttir sameiginlegan fund raunvísinda- og félagsvísindanefnda um úttekt á vísindaáætlunum UNESCO þar sem fulltrúinn fyrir vísindamál í íslensku UNESCO-nefndinni var farinn.

Á síðustu aðalráðstefnu var að frumkvæði Norðurlandanna og fleiri aðildarríkja samþykkt að gera úttekt á vísindaáætlunum. Úttektarnefnd var skipuð og átti m.a. Norðmaður sæti í henni. Fyrr á árinu lagði nefndin fram eftirfarandi 9 tillögur um endurbætur:

- Efla færiuppbyggingu með vísindapólítískri ráðgjöf
- Leggja áherslu á ný vísindasvið og draga inn “cutting-edge” rannsóknir

- Styrkja þverfagleg viðfangsefni og verkefni sem ganga þvert á fagskrifstofur
- Menntun á vísindasviði njóti forgangs
- Komið verði á alþjóðlegum vísindaáætlunum: í átt að betri samhæfingu og samvirkni
- Betrubæta samstarf og víkka það
- Beita ströngu og gegnsæju vali, mati og úttekt á áætlunum og verkefnum
- Styrkja forystu UNESCO með nýjum verkefnum á heimsvísu
- Koma á fót ráðgjafarnefnd um vísindamál

Aðalframkvæmdastjóri UNESCO er samþykktur flestum tillögnum. Hann er þó andvígur níundu tillögunni um sérstaka ráðgjafarnefnd og leggur til í staðinn að hann komi á fót innanhússhópi undir forystu hans. Í skjalinu sem lá til grundvallar umræðunni á fundinum kemur fram afstaða skrifstofunnar til tillagnanna og hvernig hægt verði að hrinda þeim í framkvæmd.

Margir tóku til máls í umræðunni. Flestir voru fylgjandi öllum tillögum úttektarnefndarinnar, en nokkur ríki m.a. Bandaríkin studdu tillögu aðalframkvæmdastjórans um að koma frekar á fót innanhússhópi en að skipa utanaðkomandi ráðgjafarnefnd um vísindamál. Sumir voru talsvert gagnrýnir í garð skrifstofunnar og afstöðu hennar til úttektarinnar. Töldu margir að tillögunum sæi alltof lítið stað í tveggja ára áætluninni, 34 C/5, sem fjallað er um á aðalráðstefnunni, og því væri um óbreytt ástand að ræða. Norðurlöndin höfðu lagt fram tillögu DR 19 til að ýta undir að tillögur úttektarnefndarinnar yrðu samþykktar. Undirrituð lýsti yfir stuðningi við tillögur úttektarnefndarinnar með því að taka undir innlegg finnska fulltrúans.

Í svari aðstoðar-aðalframkvæmdastjóra við umræðunni kom m.a. fram að rétt væri að viðhafa fulla aðgát við að hrinda tillögunum í framkvæmd. Vísindaáætlanir UNESCO ættu sér 60 ára sögu og reynslu og yrði því að fara varlega í að breyta þeim. Á næstu árum þyrfti að meta ýmsa þætti betur og á grundvelli þess yrði tekin ákvörðun um frekari framkvæmd. Hann mótmælti því harðlega að óbreytt ástand ríkti, skrifstofan væri sífellt að þróa og bæta verkefni og vinnubrögðin. Þar sem úttektarnefndin hefði verið að störfum þegar byrjað var að undirbúa 34 C/5, hefði ekki verið hægt að taka mið af endanlegum tillögum nefndarinnar. Það yrði hins vegar gert í næstu tveggja ára áætlun. Hann sagði að ný ráðgjafarnefnd á þessu stigi mundi skaða ferlið og því væri skrifstofan á móti því að koma henni á laggirnar. Að mati hennar væri betra að koma á fót innanhússhópi.

Á framhaldsfundi sem undirrituð náði ekki að sitja varð niðurstaðan að fylgja sjónarmiðum skrifstofu UNESCO. Það fór svo að lokum að Finnland dró DR 19 tilbaka. Enn og aftur sýnir sig að mjög erfitt er að koma breytingum í gegn ef skrifstofa UNESCO setur sig upp á móti þeim.

Reykjavík, 5. nóvember 2007

Guðný Helgadóttir

34. General Conference
Joint Meeting, item 4.2., item 3.3

Intervention by ICELAND

Mr. Chairman

Iceland would like to thank the Review Panel for its good work and welcomes its recommendations.

Iceland is a co-sponsor to DR 19 submitted by Finland. We therefore fully support the views and proposals expressed by Finland in its intervention that science policy advice for capacity-building is UNESCO's most important function in the field of sciences, to switch the order of Biennial Priorities of Major Programme I that Biennial Sectoral Priority 1 in Major Programme III should be made an overarching interdisciplinary programme priority of Major Programme II and III as ethics concern both programmes and finally Iceland fully supports recommendation 9 of the Review Panel that an external Science Advisory Committee should be established. An overarching Science Committee would contribute to the follow-up of implementation and provide high-level science policy advice, particularly on UNESCO's unique role within the UN system.

Thank you for your attention

4. nefnd - menningarmál

Guðný Helgadóttir sat fundi menningarmálanefndar dagana 26., 27. og 29. október 2007. Eftirfarandi er frásögn hennar.

Formaður nefndarinnar var dr. M. Javad Zarif frá Íran.

Á fundi nefndarinnar var fjallað um eftirfarandi mál:

- 6 ára áætlun, 34 C/4
- 2 ára áætlun fyrir árin 2010-2011, 35 C/5
- menningarhlutann í 2 ára áætluninni fyrir árin 2008-2009, 34 C/5
- stofnun nokkurra miðstöðva undir merkjum UNESCO
- aukna baráttu gegn ólöglegum flutningi menningarverðmæta og efling safna í þróunarlöndunum
- umfjöllun um skýrslur aðildarríkja um framkvæmd á UNESCO samningnum frá 1970 um ólöglegan inn- og útflutning menningarverðmæta
- tillögu um alþjóðaár um menningarlegar sættir
- framkvæmd ályktana um Jerúsalem og menningar- og menntastofnanir á hernumdu arabísku svæðunum

Í sex ára áætluninni er meginmarkmiðið í menningarmálum að stuðla að menningarlegri fjölbreytni, samræðum á milli mismunandi menningar og friðarmenningu. Verkefnamarkmiðin eru þrjú: a) að efla þátt menningarmála í sjálfbærri þróun, b) að sýna fram á mikilvægi samræðna á milli mismunandi menningar sem leið til að efla friðarhugsun, c) að vernda menningararfleifðina með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Afríka og jafnrétti eru leiðarstef í gegnum öll verkefni á menningarsviðinu eins og almennt í áætlun UNESCO. Undir þessu

meginmarkmiði er fjallað sérstaklega um tungumálin og fjölyngi í rammagrein. Almennt tóku þátttakendur á fundinum undir þessi markmið en þau eru í sjálfu sér ekki mjög frábrugðin þeim sem gilt hafa hingað til. Þar sem lokið er, a.m.k. í bili, nokkurra ára tímabili hjá UNESCO þar sem lögð var áhersla á ýmsar yfirlýsingar og samninga á menningarsviðinu, lögðu allir áherslu á að stofnunin einbeitti sér að því að efla framkvæmd á samningunum. Sérstaklega minntust margir á þrjá samninga: samninginn frá 1970 um ólöglegan inn- og útflutning á menningarverðmætum, samninginn frá 2003 um menningararfðir og samninginn frá 2005 um fjölbreytt, menningarleg tjáningarform. Áberandi var hversu margir nefndu tungumálin í innleggi sínu eins og undirrituð gerði einnig, sbr. eftirfarandi ræðu. Margir fulltrúar þróunarlandanna viku sérstaklega að nauðsyn þess að UNESCO styðji við hvers konar menningariðnað, ekki síst þann sem ungt fólk stundar, og óskuðu eftir að þetta yrði styrkt í áætluninni. Eins nefndu margir listmenntun og listir í menntun sem áhugaverð svið sem UNESCO ætti að gefa sig meira að.

Varðandi næstu tveggja ára áætlun fyrir árin 2010-2011 voru flestir á því að halda mætti áfram með megináherslusviðin: varðveislu menningararfsins og samræður/samskipti milli mismunandi menningarhópa til að efla frið. Margir lögðu áherslu á að betra samræmi yrði á milli sex ára áætlunarinnar og tveggja ára áætlunarinnar, að meginviðfangsefnum verði heldur fækkað og að sett verði sólarlagsákvæði alls staðar þar sem því verður við komið. Undirrituð kom inn á svipuð atriði í sínu innleggi

Í tveggja ára áætluninni fyrir árin 2008-2009 eru skilgreind tvö forgangsverkefni: að efla menningarlega fjölbreytni með verndun menningarverðmæta og styrkingu á menningarlegri tjáningu og að efla félagslega samheldni með því að leggja áherslu á fjölhyggju, samræður menningarheilda og uppbyggingu friðarmenningar. Alls verða á þessu tveggja ára tímabili varið um 51 millj. dollara til verkefna- og starfsmannakostnaðar á menningarsviðinu. Í fyrra verkefninu fellst einkum að framfylgja þremur megin samningum UNESCO á sviði varðveislu menningarverðmæta: samningnum frá 1972 um varðveislu menningar- og náttúruarfleifðar heims (heimsminjasamningnum), samningnum frá 2003 um varðveislu menningararfða og samningnum frá 2005 um verndun á fjölbreytilegum menningarlegum tjáningarformum. Varðandi fyrsta samninginn frá 1972 verður lögð áhersla á að styrkja heimsminjalistann, auka hæfni í varðveislu og efla sjálfbæra menningartengda ferðamennsku í því augnamiði að auka efnahags- og félagslega hæfni samfélaga. Varðandi samninginn frá 2003 verður unnið að því að efla vitund aðildarlandanna gagnvart mikilvægi þess að vernda menningararfðirnar og byggja upp hæfni þeirra til að skrásetja þær og vinna áætlanir um verndun þeirra. Um þessi atriði ríkir mikil sátt þó að ýmsum þyki fjárveitingar ónógar, einkum til samningsins frá 2003. Eins og í umræðunum um sex ára áætlunina komu fjölmargir inn á mikilvægi tungumála, bæði varðveislu þeirra og þróun, fyrir menningarlega fjölbreytni. Árið 2008 verður helgað tungumálum og eru aðildarlöndin hvött til að taka þátt í því. UNESCO verður með alþjóðaráðstefnu á degi móðurmálsins þann 23. febrúar 2008. Stefnt er að því að fá Vigdísí Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta og velgjörðarsendiherra UNESCO á sviði tungumála, til að taka þátt í henni.

Samningurinn frá 2005 um menningarleg tjáningarform hefur tekið gildi, en flest aðildarlandanna eru úr hinum vestræna heimi. Stofnuninni er því uppálagt að stuðla að aukinni kynningu á samningnum og hvetja aðildarlönd UNESCO til að gerast aðilar að honum. Samningurinn hefur ónóga fjárveitingu enn sem komið er enda er enn verið að vinna að því að útfæra verklagsreglur og verkefni til að hrinda honum í framkvæmd. Fundur verður í Ottawa í desember 2007 um

framkvæmd samningsins. Í verkefnaáætluninni er lögð áhersla á að efla menningariðnað hvers konar, ekki síst með því að efla þekkingu, færni og stefnumörkun á þessu sviði í þróunarlöndunum. Á árinu 2008 mun UNESCO gefa út skýrslu um menningarlega fjölbreytni í heiminum. Einnig verður haldið áfram að styrkja böndin á milli ólíkra menningar- og trúarhópa með uppfærðslu og samstarfsverkefnum.

Þrjár miðstöðvar undir merkjum UNESCO voru samþykktar á fundinum: a) svæðamiðstöð í Króatíu um fornleifar í vatni, b) rannsóknar- og fræðslumiðstöð í Kína um heimsmínjar í Asíu og á Kyrrahafssvæðinu og c) miðstöð fyrir afrikanska menningu og alþjóðaskilning í Nígeríu. UNESCO greiðir ekkert til þessara miðstöðva, en hins vegar leggur stofnunin til mannskap til að gera úttekt á miðstöðvunum áður en þær eru samþykktar og svo á UNESCO fulltrúa í stjórn þeirra. Ýmsum finnst að hálfgerð verðbólga sé hlaupin í stofnun þessara miðstöðva en greinilega finnst mörgum löndum mikill fengur í því að fá stimpil UNESCO á þær.

Talsverð umræða var um 1970 samninginn um ólöglegan inn- og útflutning á menningarverðmætum. Indland ásamt fleiri löndum hafði lagt fram tillögu um að bannað verði að láta aðgengi í gegnum upplýsingatækni (“virtual access”) koma í stað eiginlegra muna. Þessi tillaga er andsvar við meintum ummælum yfirmanns frá British Museum sem hann lét falla á upplýsingafundi í UNESCO. Eftir mikið reiptog varð niðurstaðan sú að 1970 samningurinn héldi vel gildi sínu og að ekki væri ætlun neins að hrófla við honum.

Að tillögu Kazakhstan var ákveðið að styðja að allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna helgaði árið 2010 menningarlegum sættum. Tilgangur þess er að efla gagnkvæman skilning þjóða á menningu og háttum og stuðla að betri samskiptum þjóða á milli.

Að venju var tillaga að ákvörðun um Jerúsalem og um menningar- og menntastofnanir á arabísku hernumdu svæðunum samþykkt án umræðu þar sem áður höfðu átt sér stað miklar samningaumræður um þær. Fastafulltrúar Ísraels og Palestínu sögðu fáein orð og var málflutningur þeirra yfirvegaðri en oft áður.

Eins og fyrr segir var nokkuð mikil sátt um verkefnin á menningarsviðinu og engin sérstök stærri álitamál voru til umfjöllunar að þessu sinni.

Reykjavík, 5. nóvember 2007

Guðný Helgadóttir

34 General Conference of UNESCO
Commission IV, item 3.1 and 3.2
26 October 2007

Intervention by ICELAND

Madam / Mr. chair

First some observations concerning 34 C/4. As stated earlier in the debate on 34 C/4 Iceland would like to commend the Secretariat for a more concise, shorter and reader friendly 6 years plan than the previous

one, reminding us, however, that this is only the first step towards a shorter and more policy-oriented and results-based plan. As this is a rolling document, we have the opportunity to do even better when revising the document at the 35th general conference.

Fostering of cultural diversity in the world is one of our most pivotal tasks of today. A fundamental element in this is to protect and promote the languages as they are the vehicles and guarantee for and transmission of cultural diversity and have a bearing on all UNESCO's fields of competence. Iceland welcomes the special emphasis on languages and multilingualism as stated in box 9, convinced that the intersectoral programme of languages will be developed further and enhanced in the implementation of UNESCO's activities.

There are especially two elements which we are missing in this draft C/4. In our comments at the last general conference to the coming C/4 my delegation stressed the cultural rights - not least cultural rights of women - and mentioned the need to re-examine the covenants on the social, economic and cultural rights from the early seventies. We would like to see this more explicitly expressed in the C/4.

The status of living arts and artists is another domain which Iceland would also like to see more explicitly mentioned in the C/4.

Iceland can support the recommendations in 34 C/11.

Finally some few observations concerning 35 C/5. In the next C/5 Iceland would like to see a more concentration of the programme around on the one hand protection of heritage, both tangible and intangible, and the other hand promotion of cultural diversity and intercultural dialogue as a vehicle for promotion of pluralistic societies, emphasizing the role of languages herein. The main lines of actions should respectively be reduced, revised and done more concentrated. A results-based approach should be applied with measurable results and sunset clauses introduced wherever possible. Interdisciplinarity and intersectorality should be the leading principles in the execution of the programmes.

Thank you for your attention.

34 General Conference of UNESCO
Commission IV, item 4.2
26 October 2007

Intervention by ICELAND

Mr. Chair

On behalf of Iceland I would like to make a few comments on Major Programme IV in 34 C/5.

During the last years UNESCO has adopted several conventions within the cultural field. Now it is the time for implementation as mentioned by several speakers today. Iceland therefore welcomes the emphasis laid on this in the draft 34 C/5 and would like to underscore the developing of principal working methods. It is also important to see the conventions in a more holistic and integrated approach. The harmonization of the 1972 and 2003 conventions is a good step towards a more holistic approach in safeguarding and managing of the tangible and intangible cultural heritage. Implementation of 2005 convention on cultural expressions is of utmost importance.

Iceland recognizes the unique role of UNESCO in increasing the awareness on heritage protection and conservation and the important role the World Heritage List plays in this field. In this connection we would like to underscore the 4 “C” strategic objectives mentioned in para 04012 and the role of education. In the future more emphasis should be laid on serial nominations to the List with participation and cooperation of several member states. Iceland is participating in and leading two international serial nominations: one on viking culture and one on the North Atlantic Ridge of which the island Surtsey is an unique phenomenon, formed by eruption in 1963.

In the 34 C/5 separate boxes are devoted to three areas within Culture: Africa, Gender Equality and Languages and multilingualism, highlighting their importance. They are, however, less integrated in the main line of actions and almost absent in DRs in 34 C/5 volume 1 as proposed by the Secretariat and upon which the General Conference is deciding. Iceland would therefore like to endorse the amendments made in 34 C/6 .

Finally, for our reflection. Every second week one language disappears out of around 7000 in the world. According to Living Tongues Institute for Endangered Languages the risk is bigger that languages are endangered than plants and animals - a culture disappears with a language - the world's cultural diversity is therefore here at stake.

Thank you for your attention.

5. nefnd - Fjölmiðlar og upplýsingar

Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir sat fundi nefndarinnar. Eftirfarandi er frásögn hennar.

Nefndin starfaði dagana 26. til 29. október 2007. Formaður nefndarinnar var Svisslendingurinn Frédéric Riehl og segja má að svissnesk nákvæmni og stundvísi hafi einkennt starf hennar. Yfirmaður fjölmiðla- og kynningardeildar er Abdul Waheed Khan og kynnti hann flestar áætlanir sem teknar voru fyrir.

Meðal efnis var:

- stefnumörkun 2008 til 2013
- stefnumörkun og fjárhagsáætlun 2008-2009
- drög að fjárhagsáætlun 2010 til 2011.

Þessi mál voru kynnt og þau verkefni innan þessa tímaramma þar sem UNESCO á að vera leiðandi.

Sérstök áhersla var að þessu sinni á Afríku. Markmiðið er að bæta og efla alla menntun í Afríku og veita heimamönnum til þess aðstoð á staðnum. Tenging við netheiminn (cyberspace) þykir langbest til að skila árangri í menntun og uppbyggingu þekkingar hvar sem er í heiminum. Þá var sérstök áhersla á jafnrétti kynjanna og að vara einstaklinga og fyrirtæki við hættunum sem eru aðsteðjandi. Jafnrétti er hvergi nærri náð og þurfa þjóðir allar að vera á varðbergi hvern einasta dag.

Samþykkt var á fundinum samhljóða tillaga sem lá fyrir um að frumkvæði UNESCO að setja upp í Bahrain miðstöð upplýsinga og fjölmiðla, þá fyrstu sinnar tegundar í landinu. Var almenn

ánægja með þessa ákvörðun á fundinum og þó að sjálfsögðu meðal heimamanna sjálfra sem fögnuðu henni gífurlega. Menntamálaráðherra Bahrain sat fundinn og þakkaði hann sérstaklega fyrir sig og þjóð sína. Þetta væri stórt skref fyrir þekkingarsamfélag Bahrain og heiður fyrir þau að vera valin og byggja upp skóla framtíðarinnar. Þarna sé hlutverki UNESCO lýst best en svipuð upplýsingamiðstöð er til í Indónesíu.

Góð samstaða var í nefndinni um velflest mál og einkenndi það störf hennar. Enda sá formaður nefndarinnar ítrekað ástæðu til að þakka nefndarmönnum góða samvinnu og skilvirk vinnubrögð. Lykilatriði UNESCO og rauði þráðurinn í starfi nefndarinnar er umræðan um tjáningarfrelsið, menntun fyrir alla, aðgangur allra að upplýsingum og netheimi og þekking og viðurkenning á fjölbreytileika menningar og tungumála. Grundvallaratriði er frjáls aðgangur allra að netheimi til að stuðla að betri menntun og þekkingu.

UNESCO gegnir lykilhlutverki á öllum þessum sviðum. Mikil hætta steðjar að tjáningarfrelsinu og fjölmiðlafrelsi. Tjáningarfrelsið er grundvallarmannréttindi hverrar manneskju og benti fulltrúi Úkraínu sérstaklega á að það væri draumsýn margra að tala um algjört tjáningarfrelsi. Það væri langt í land að slíkt markmið næðist. Útrýma þarf ólæsi og menntun fyrir alla skal sett í forgang. Fulltrúi Yemen sagði: við gefum börnunum okkar ekki lengur hnífa – við gefum þeim tölvur. Ritskoðun þrífst enn og það er lykilatriði að þróunarlöndin fái aðgang að netheimi segja fulltrúar Afríku og víðar. Stór, djúp gjá sé á milli þeirra sem hafa aðgang að upplýsingum og þeirra sem hafa það ekki.

Bylting hefur orðið í fjölda miðla og bloggið er nýtt. Þróunin er hraðari en menn sáu fyrir og þegar bloggið er annars vegar eykst ábyrgðin; hvernig á að bregðast við því og hvernig ber að vernda tungumálið því slettur og stafsetningarvillur eru algengari á bloggi en öðrum miðlum.

Öryggi blaðamanna hefur aldrei verið minna en nú og vöktu sérstaklega Norðurlandapjóðirnar athygli á því að fleiri blaðamenn hafa látið lífið við störf sín í ár en allt árið í fyrra. UNESCO verði að taka á þessu máli, blaðamenn séu allsstaðar í hættu; á vettvangi átaka en líka á ritstjórnnum þar sem ritskoðun þrífst eða eignarhald fjölmiðla sé komið á of fáar hendur. Þessi atriði vöktu mikla umræðu og var lýst sem nokkrum af stóru verkefnum UNESCO á næstu árum. Fulltrúi Svíþjóðar benti á að styrkja þyrfti UNESCO sem varðhund tjáningarfrelsisins. UNESCO mun áfram ræða þessi mál og leggja sitt af mörkum til að auka öryggi blaðamanna og vernda tjáningar- og fjölmiðlafrelsið. Þetta var eins og rauður þráður í gegnum alla fundardagana.

Tungumálið var rætt í tengslum við öll þau atriði sem hér hafa verið talin upp. Verndun tungunnar, móðurmálsins, og viðurkenning á þeim hættum sem að steðja. Til þess að lýðræðið sanni gildi sitt, menningarsjálfsæði hverrar þjóðar dafni og að menningararfurinn komist til skila, verður að hlúa að móðurmálinu, vernda það, efla og styrkja með öllum tiltækum ráðum.

Í lokin verður ekki hjá því komist að nokkrar þjóðir (þar á meðal Svisslendingar, heimaland formanns nefndarinnar) færðu í tal skilvirkni starfs UNESCO. Bent var á að einfalda þyrfti öll skjöl og fækka þeim til að gera undirbúning að nefndarstarfi og starfið í nefndinni betra. Allt bendir til þess að kostnaður við starfsemina sjálfa, starfsfólkið, sé meiri en sem nemur þeim fjármunum sem UNESCO setur til ákveðinna verkefna. Þetta var nefnt til umhugsunar og sú sem sat fundina fyrir Íslands hönd að þessu sinni tekur undir það að skrifinnskan er gríðarlega mikil og óvíst er hver árangurinn er. En orð eru jú til alls fyrst.

Reykjavík, 22. nóvember 2007

Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir

34th General Conference of UNESCO

Commission CI, item 4.s

27th of October 2007

Intervention by ICELAND

On behalf of Iceland I would like to make a few comments on Major Programme V in 34 C/5.

Mr. Chairman.

Ladies and gentlemen.

As a Television journalist from Iceland working for the Icelandic National Broadcasting service and attending my first Unesco conference I want to emphasize that Iceland in general approves the plan of action of Major Programme V in 34 C/5 as amended by the executive board in document 34 C/6.

Now in the year of 2007 it is of a great importance, like many of you have mentioned, fostering free, independent and pluralistic communication and universal access to information. That includes freedom of expression and free flow of information in all types of media so there have to be set internationally recognized legal standards in that field. That is a priority for UNESCO as well as all around the world.

What does that really mean? The world gets smaller everyday and the borderlines are not always clear. That means locally and globally. Many societies are undergoing deep changes in many fields and different cultures meet. That is also the fact in Iceland where the number of foreigners has increased enormously in the past few yers.

To give you the exact figures: in 1996 foreigners were 1,9 % (5148) of the icelandic population, ten years later, 2006, they were 6,0 % (18563) of the icelandic population.

In this time of globalisation and talking about information and communication we have to face the fact that the role of the language, everyones mother tongue, has never been of a greater importance as now. I want to quote the icelandic minster of Education, Science and Culture, Mrs. Gunnarsdottir, in her speech at this conference on 20th of October. She said that Unesco has several roles to play in this field, one is the safeguarding of linguistic heritage because each time a language disappears, a culture is affected and the cultural diversity becomes poorer.

My country is going through a difficult time now because young people are under great influence of other languages, especially English. There are 300 thousand inhabitants in Iceland so you dont have to be clever to see how important the language is for our culture, history and linguistic diversity but Icelandic is one of the oldest langages in the world. From early age children watch television, they have the Internet with all the possibilities and opportunities but also all the dangers concerning the language. We also stress the multilingualism and universal access to cyberspace.

So you see we have got a job to do, alltogether, united – and Unesco has a leading role.

Þverfaglegur fundur um 6 ára áætlunina, 34 C/4

Guðný Helgadóttir sat þverfaglegan fund (“interdisciplinary meeting”) dagana 17. og 18. október 2007 þar sem fjallað var um samstarf á milli fræðasviða UNESCO á grundvelli tillögu að 6 ára áætlun, tveggja ára áætlun og hvað beri að gera í tveggja ára áætluninni fyrir árin 2010-2011. Þetta var í fyrsta sinn sem svona fundur var haldinn, en það var gert að beiðni síðustu aðalráðstefnu. Irina Bokova, fastafulltrúi Búlgaríu, var kosin fundarstjóri.

Tilgangur fundarins var að ræða heildstæða nálgun í verkefnum UNESCO, en um langt skeið hefur aðalráðstefna UNESCO og stjórnarnefndin kallað eftir meira samstarfi fagskrifstofa UNESCO við að leysa hin fjölbreyttu verkefni sem stofnunin fæst við. Áætlunin var að á þessum fundi yrði eina umræðan á aðalráðstefnunni um 6 ára áætlunina, 34 C/4. Því var hins vegar mótmælt af stjórnarnefndinni þar sem óeðlilegt væri að hver fagnefnd fjallaði ekki einnig um sinn hluta af 6 ára áætluninni. Þar sem fagnefndirnar höfðu ekki hafið störf, voru það mest formenn UNESCO landsnefnda, ritarar þeirra eða fulltrúar frá fastanefndunum sem tóku þátt í þessum fundi.

Hans d’Orville, yfirmaður áætlanaeildar UNESCO, greindi í stórum dráttum frá uppbyggingu 6 ára áætlunarinnar og hvernig reynt væri í henni að stuðla að þverfaglegu samstarfi frá yfirmarkmiði (“mission statement”), í gegnum 5 meginmarkmið (“overarching objectives”), 14 verkefnamarkmið (“strategic programme objectives”) og yfir í tveggja ára forgangsverkefni fyrir hvert svið (“biennial sectoral priorities”) og meginviðfangsefni (“main lines of action”) í verkefnaáætluninni fyrir næstu tvö ár, 34 C/5. Í þeirri áætlun eru skilgreind 12 þverfagleg verkefni (“intersectoral platforms”) sem fagskrifstofunum ber að taka þátt í og leggja sitt af mörkum. Áhersla á Afríku og jafnréttismál er leiðarstef í öllum verkefnum.

Þessi 12 þverfaglegu verkefni eru:

- Menntun í vísindamálefnum
- Eyðni
- Menntun fyrir sjálfbæra þróun
- Sjálfbær þróun fyrir lítil þróunareyríki
- Upplýsingatækni í menntun
- Efling á rannsóknarkerfi aðildarlanda
- Tungumál og fjöltyngi
- Tengsl menningarlegrar og lífræðilegrar fjölbreytni
- Samræður menningarheilda
- Stuðningur við stríðshrjáð svæði
- Færniuppbygging
- Afríka sem forgangsverkefni

Í upphafi fundarins varð talsverð umræða um stöðu þessa fundar og hvaða möguleika hann hefði til að taka ákvarðanir. Einkum voru það þau aðildarlönd sem eiga fulltrúa í stjórnarnefndinni sem reyndu að forðast að raunveruleg innihaldsumræða ætti sér stað þar sem þau vildu helst að athugasemdir stjórnarnefndarinnar við fyrrgreindar áætlanir gætu staðið sem mest óbreyttar. Í máli þeirra sem tóku til máls kom þó fram góður stuðningur við tillögu skrifstofunnar um 6 ára

áætlunina og hvernig auka mætti þverfagleg verkefni. Hins vegar gagnrýndu margir að mjög takmörkuðu fé yrði varið í þverfaglegu verkefni 12 sem skilgreind væru í tveggja ára áætluninni.

Undirrituð tók í máls í umræðunni og lýsti yfir stuðningi við 6 ára áætlunina og þær breytingar sem stjórnarnefndin hafði gert. Fagnað var að fjallað væri sérstaklega um tungumálin í áætluninni og þess vænst að verkefni á þessu sviði yrðu eflað frekar við endurskoðun áætlunarinnar eftir tvö ár enda tekið undir að 6 ára áætlunin væri undir sífelldri endurskoðun (“rolling document”). Ýmsir nefndu einnig tungumálin og mikilvægi þess að UNESCO sinnti þeim. Margir komu inn á mikilvægi menntunar fyrir sjálfbæra þróun sem verkefni sem kallaði á þverfaglega umfjöllun fagskrifstofanna. Einnig var komið inn á menntun á sviði vísindamála, verndun menningararfsins, loftslagsbreytingar og jafnréttismál. Þó að almennt væri því fagnað að skilgreind væru þessi 12 þverfaglegu verkefni, töldu margir að hér væri þó of skammt gengið. Til þess að stofnunin tæki sem heildstæðast á verkefnum þyrfti að eiga sér stað frekari uppstokkun á áætluninni, ekki síst að skilgreina heildstæð prógrömm, en ekki ganga út frá fagskrifstofunum eins og meira er gert í dag. Í lok umræðunnar tóku yfirmenn fagskrifstofanna til máls og brugðust við umræðunni. Einn þeirra, yfirmaður raunvísindaskrifstofunnar, viðurkenndi að mesta hindrunin fyrir þverfaglegri nálgun lægi í skrifstofunum sjálfum. Þessi skrifstofa hefur þó sennilega verið ötulust að efna til samstarfs við aðrar skrifstofur.

Eins og fyrr segir er gert ráð fyrir 12 þverfaglegum verkefnum í næstu tveggja ára áætlun. UNESCO hefur áður verið með hliðstæð þverfagleg verkefni en þau gáfust ekki sem skyldi m.a. vegna ónógra fjárveitinga. Þó að almennt nytu þessi verkefni stuðnings, efuðust sumir um að skipulag skrifstofunnar og starfsmannahald væri í því formi að það gengi eftir að hrinda þessu þverfaglega starfi í framkvæmd að nokkru gagni. Fulltrúi skrifstofunnar sagði að beita ætti í ríkara mæli þverfaglegum innanhúss starfshópum til að tryggja að breyting yrði á vinnubrögðum. Fulltrúi Breta sagði rétt að gefa skrifstofunni tækifæri næsta árið til að sýna í verki að hún væri þess megnug og taka málið svo aftur upp á vettvangi stjórnarnefndarinnar.

Í umræðunni um tveggja ára áætlunina fyrir árin 2010-2011 lögðu margir, þar á meðal undirrituð, áherslu á að þörf væri á að skipuleggja starfið meira á grundvelli prógramma en fagsviða og að sólarlagsákvæði væru sett alls staðar þar sem hægt væri til að skapa möguleika á að taka upp ný verkefni. Meginviðfangsefnum væri fækkað og betri samfella væri milli 6 og 2 ára áætlanna. Einnig bæri að skilgreina í ríkara mæli áætlaðan mælanlegan árangur.

Í lok fundarins var tilkynnt að samantekt frá þessum fundi yrði kynnt á fundum allra fagnefndanna.

Reykjavík, 5. nóvember 2007

Guðný Helgadóttir

34 General Conference of UNESCO
Interdisciplinary meeting
17 October 2007
3.1. 34 C/4

Intervention by ICELAND

Madam chair

At the outset Iceland would like to commend the Secretariat for a concise, short and reader friendly 6 years plan. This is, however, only the first step towards a shorter and more policy-oriented plan. We would like to remind of the Nordic Model concerning C/4 and C/5.

It is important that UNESCO as a specialized UN-agency defines clearly its roles, comparative advantages and scope of activities in its fields of competence and seeks acceptance from the UN-system where needed.

We have some observations. We agree with the mission statement as defined in 34 C/4 and as amended by the Executive Board. Same goes for the five functions defined in para 17. We would though like to highlight more the advocacy function as a vital part of UNESCO's function as a catalyst for international cooperation. We are fully in accord with the priorities of Africa and gender equality and the way they are developed in the draft.

Iceland as so many other countries has advocated for a more programme oriented approach. We therefore welcome the description in BI although we, however, are somewhat hesitated towards the sectoral programme priorities in C/5 as they might not further enough the necessary interdisciplinarity and intersectorality in solving the complex issues at stake.

Iceland can endorse the overarching objectives as stated in draft 34 C/4. We welcome the emphasis on ethical challenges stressing the necessity that those penetrate all science programmes as well as the other programme activities of UNESCO. Ethics, sustainable development and languages should to our mind be leading threads through all UNESCO's programmes or rather mainstreamed in the spirit of interdisciplinary approach.

In conclusion. Promoting and defending freedom of expression is one of UNESCO's most urgent task. This should therefore be clearly spelled out in the overarching objective 5.

Thank you for your attention.

34 General Conference of UNESCO

Interdisciplinary meeting

17 October 2007

3.1. 34 C/5

Intervention by ICELAND

Madam chair

Iceland welcomes this innovative approach as a positive step forward. We hope it will go further and deeper than the cross-cutting themes.

We would like to wait to see the concrete results.

The budget allocations are also of a concern to us.

Iceland shares the concerns expressed by UK, Norway and New Zealand.

As mentioned several times by Iceland the languages are a leading thread in all UNESCO's activities. We would therefore like to see this platform strengthened.

We wish the Secretariat all the best in its endeavours and look forward to see the results in two years time and hope that this approach will really be developed into wide-intersectoral programmes.

Thank you

Fundur með menntamálaráðherra Bandaríkjanna

Þann 18. október 2007 sat Guðný Helgadóttir ásamt Þóri Ólafssyni fund með menntamálaráðherra Bandaríkjanna ásamt menntamálaráðherrum Norðurlandanna eða fulltrúum þeirra. Þetta er í þriðja sinn sem slíkur fundur er haldinn í tengslum við aðalráðstefnu UNESCO eða allar götur síðan Bandaríkin gengu aftur í UNESCO. Fundur var að þessu sinni haldinn að frumkvæði Norðurlandanna og leiddi danski menntamálaráðherrann, Bertel Haarder, fundinn.

Bertel Haarder lagði í upphafi áherslu á að aðildarlöndin notuðu UNESCO til að efla menntamálin á heimsvísu enda væri menntun fyrir alla forgangsverkefni stofnunarinnar. Komið var inn á endurskoðun á starfi Sameinuðu þjóðanna í þessu samhengi og nauðsyn þess að undirstofnanir S.Þ. sem sinna menntamálum á einn eða annan hátt ynnu sem best saman. Bandaríski menntamálaráðherrann lagði áherslu á að Norðurlöndin og Bandaríkin leggjúst á eitt að vinna að þessu til að efla skilvirkni í framkvæmd verkefna á sviði menntamála. Lögð var áhersla á að margt hafi breyst til batnaðar í starfi UNESCO, en samt þurfi að þrýsta á að haldið verði áfram á þeirri braut. Bertel Haarder gat þess að næsta loftslagsráðstefna S.Þ. verði í Kaupmannahöfn og ætti að nota það tækifæri til að minna á UNESCO. Ætti stofnunin að taka virkan þátt í undirbúningi ráðstefnunnar og leggja sérfræðipækkingu sína af mörkum þar sem þekking er lykilatriði í því að berjast gegn loftslagsbreytingum og afleiðingum þeirra. Bandaríski menntamálaráðherrann tók vel í þetta og hvatti til þess að komið væri inn á þetta í hringborðsumræðum ráðherranna um menntamál sem færu fram næstu tvo daga.

Bandaríski menntamálaráðherrann kom inn á háskólamenntun og tölfræðilegar upplýsingar á því sviði. Sagði hún bandaríska háskóla ekki taka vel undir Bologna-ferlið, þeir væru hálfsmeykir í garð þess og mátti skilja að ráðherranum þætti það miður. Tekið var undir að æskilegt væri að þeir fylgdu því einnig til að gera erlend stúdentaskipti auðveldari. Skortur á sameiginlegum viðmiðum væri ákveðin hindrun fyrir stúdentaskipti. Sammælt var um að vinna sameiginlega að tillögum á þessu sviði.

Norðmenn minntu á nauðsyn þess að fylgja eftir góðum árangri í menntun fyrir alla með auknum fjárveitingum til viðkomandi landa. Þeir minntu einnig á að "High Level Group on Education" – hópur menntamálaráðherra, þróunarmálaráðherra, fulltrúa ýmissa alþjóðastofnana o.fl. – mun halda fund í Noregi í desember 2008. Einnig verða á sama tíma ýmsir aðrir fundir á sviði menntunar fyrir alla. Sögðu þeir mikilvægt að halda þessa fundi á sama tíma til að ýta undir og efla starfsemi UNESCO.

Í máli bandaríska menntamálaráðherra kom fram að vel hafi gengið að þoka áfram menntamálum fyrir þá nemendur sem ekki hafa ensku að móðurmáli, en gera mætti þó betur á þessum vettvangi. Atvinnulífið í Bandaríkjunum þrýstir á að “high school” kerfið verði endurskoðað.

Í lok fundarins var ákveðið að halda áfram að hittast á svona fundum í tengslum við aðalráðstefnu UNESCO.

Reykjavík, 5. nóvember 2007

Guðný Helgadóttir

16. fundur aðildarríkja heimsminjasamnings UNESCO

16. fundur aðildarríkja UNESCO samningsins um menningararfleifð var haldinn í París 24. og 25. október 2007. Undirrituð sat fundinn fyrir hönd menntamálaráðuneytisins. Aðalmál fundarins voru:

- Kosning í heimsminjanefndina
- Skýrsla heimsminjanefndar fyrir árin 2006 og 2007
- Mat á skrifstofu heimsminjanefndarinnar
- Mat á ráðgjafarnefndum
- Reikningar heimsminjasjóðsins og aðildargjöld
- Stefna um betra jafnvægi á heimsminjalista UNESCO
- Áhrif loftslagsáhrifa á heimsminjastaði

Í opunaræðu lagði aðalframkvæmdastjóri UNESCO áherslu á að það hafi tekist að betrumbæta talsvert starfsaðferðir Heimsminjaskrifstofu UNESCO. Innanhússhópur vinnur að því að endurskoða frekar starfshættina og útbúa verkefnaáætlun fyrir skrifstofuna í samhengi við verkefnaáætlun menningarskrifstofu og vísindaskrifstofu UNESCO. Yfirmaður raunvísindaskrifstofunnar greindi frá ýmsum verkefnum á þessu sviði sem mundu styrkja varðveislu heimsminja s.s. „biosphere reserve“. Í febrúar 2009 verður alþjóðleg ráðstefna haldin í Madrid um „biosphere reserve“. Hvatti hann til góðs samstarfs á milli heimsminjaskrifstofunnar og raunvísindaskrifstofunnar við að styrkja varðveislu.

Kosning í heimsminjanefndina tekur alltaf mikla athygli og tíma á fundi aðildarríkjanna. Þessu sinni sóttust 25 ríki eftir 9 sætum. Fyrst var kosið um 1 sæti milli þeirra landa sem hafa engan stað á heimsminjalistanum. Fimm lönd kepptu um þetta sæti og var Barbados kosið í annarri umferð. Ætlun skrifstofunnar var að nota rafrænt atkvæðakerfi við kosninguna, en eftir talsvert þref var því hafnað á þeirri forsendu að það væri ekki leynilegt, sem var bara fyrirsláttur nokkurra landa. Kosning fór því fram á hefðbundinn hátt, en þó utan við fundarsalinn. Næst var kosið um hin 8 sætin og þurfti 4 umferðir áður en endanleg niðurstaða fékkst. Þessi lönd hlutu kosningu: Ástralía, Bahrein, Brasilía, Egyptaland, Jórdanía, Kína, Nígería og Svíþjóð. Það stóð ansi tæpt að Svíar næðu kjöri, en þeir komust inn í fjórðu umferð. Landfræðileg skipting í heimsminjanefndinni er ójöfn: 5 arabísk lönd, 4 frá Afríku fyrir sunnan Sahara, 3 frá Asíu og Kyrrahafsríkjunum, 4 frá S-Ameríku og Karíbahafinu, ekkert frá Austur-Evrópu og 5 frá Evrópu

og N-Ameríku. Þetta ójafnvægi, þar sem ekki er ákveðinn fjöldi sæta fyrir hvern valhóp, hefur löngum verið til umræðu án þess að hægt hafi verið að komast að samkomulagi. Á fundinum var þó ákveðið að heimsminjanefndin skipi starfshóp sem geri tillögu um breytingar og verði þær lagðar fram á fundinum haustið 2009.

Formaður heimsminjanefndarinnar, fulltrúi Kanada, flutti skýrslu nefndarinnar fyrir árin 2006 og 2007. Nefndin hefur fjögur meginstarfssvið: trúverðuleiki, varðveisla, þekking og færni og miðlun. Á fundinum í Christchurch í júlí sl. var hinu fimmta bætt við: auka hlutverk samfélaga. Í júlí 2007 voru 851 staðir frá 141 aðildarríki á heimsminjalistanum, þar af 660 menningarstaðir, 166 náttúrusvæði og 25 blönduð svæði. 30 svæði eru á lista yfir menningar- og náttúruminjar í hættu. Í fyrsta sinn í sögu samningsins hefur staður verið tekinn af heimsminjalistanum: Arabian Oryx Sanctuary í Óman. Talsvert ójafnvægi er á listanum milli heimshluta. Næsti fundur heimsminjanefndarinnar verður í Quebec sumarið 2008.

Ytri endurskoðandi UNESCO hefur metið skrifstofu heimsminjanefndarinnar og voru niðurstöður matsins ásamt tillögum um framkvæmd á þeim til umfjöllunar á fundinum. Ýmsu hefur þegar verið hrundið í framkvæmd og horfir margt til betri vegar, en skrifstofan hefur legið undir ámæli nokkuð lengi fyrir ekki nógu góð vinnubrögð.

Heimsminjanefndin hefur notað tvær ráðgjafarnefndir, ICOMOS og IUCN, til að meta umsóknir um upptöku staða á heimsminjalistanum. Nefndirnar hafa unnið faglega en stundum hafa þó heyrst gagnrýnisráddir sem hafa viljað gera meiri kröfur til þeirra. En svo hefur líka stundum gerst að heimsminjanefndin hefur tekið ákvarðanir þvert á ráð nefndanna. Fulltrúar í heimsminjanefndinni hafa því sjálfir grafið undan starfi og trausti nefndanna. Margir lögðu áherslu á að mikilvægt væri að efla nefndirnar og skýra vel verkaskiptingu þeirra og heimsminjanefndarinnar. Noregur lagði ríka áherslu á að heimsminjanefndin virti niðurstöður nefndanna, annars væri trúverðugleiki heimsminjanefndarinnar í veði.

Ýmsar athugasemdir voru gerðar við fjárhagsáætlun heimsminjaskrifstofunnar, einkum ófullnægjandi fjárveitingar. Fjárhagsáætlunin var þó samþykkt óbreytt.

Lengi hefur verið rætt um það ójafnvægi sem ríkir milli heimshluta á heimsminjalista UNESCO. Fyrir þrettán árum var samþykkt stefna til að breyta þessu, en lítið hefur þó miðað í rétta átt. Tölfræði sem lögð var fram á fundinum sýnir að enn er mikill munur á milli ríkra og fátækra þjóða. Flestir staðir á heimsminjalistanum sem skilgreindir eru í hættu eru í Afríkulöndum fyrir sunnan Sahara. Einnig eru miklu fleiri menningarstaðir en náttúrustaðir á listanum. Eitt er þó jákvætt, fleiri lönd hafa lagt fram yfirlitsskrá og þeim löndum fækkar sem hafa engan stað á heimsminjalistanum. Aftur var ákveðið að heimsminjanefndin vinni aðgerðaáætlun til að draga úr ójafnvæginu og skal hún lögð fram á næsta fundi aðildarríkjanna haustið 2009.

Áhyggjur fólks af áhrifum loftsbreytinga á menningararfinn aukast stöðugt. UNESCO mun efla starf sitt á þessu sviði og hefur stjórnarnefndin falið aðalframkvæmdstjóranum að vinna tillögur á þessu sviði. Á fundinum var hvatt til þess að aðgerðir sem lúta að varðveislu heimsminja verði einnig teknar með.

Hér hefur í stórum dráttum verið dregið á því helsta sem fram fór á fundinum. Fundargerð frá fundinum mun berast frá skrifstofu heimsminjanevndarinnar, en búast má við að nokkuð langur tími geti liðið áður en hún berst.

Reykjavík, 2. nóvember 2007

Guðný Helgadóttir